



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík
Sími 92-3100

91. fundur

skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurnesja var haldinn í húsi skólans að Sunnubraut 36, 25. september 1984 og hófst kl. 17. Þessir sátu fundinn: Ingólfur Halldórsson, settur skólameistari, Hjálmar Árnason, settur aðstoðarskólameistari, Gunnar Sveinsson, formaður, Bogi Hallgrímsson, Eggert Ólafsson, Guðlaugur R. Guðmundsson, Ingi Gunnarsson, Ingimundur Þ. Guðnason, Ómar Bjarnþórsson, Sævar Reynisson, fulltrúi kennara og Edda Rós Karlsdóttir, fulltrúi nemenda.

Þessi mál voru tekin fyrir:

1. Hjálmar gerði grein fyrir tölvumálum skólans og taldi að skortur á búnaði fyrir tölvukennslu væri orðinn tilfinn-anlegur. Benti hann á að skólinn ætti einungis fimm skjái og væri þeim reyndar ætlað að þjóna Suðurnesjabúum öllum í kennslu. Auk notkunar í dagskóla væri aðsókn í tölvunarfræði mikil í starfsnámi skólans og í öldungadeild kæmust færri að en vildu. Til viðbótar þessu væru stöðugt beðið um framhalds-áfanga í tölvunarfræðum. Skólanum bæri því nauðsyn til að bæta verulega við tölvubúnað sinn. Hins vegar bæri ekki að vanta í bráð fjármagns frá ríkissjóði.

Þá lagði Hjálmar fram meðfylgandi bréf (fylgiskjal 1) þar sem óskað er eftir því við forstöðumenn fyrirtækja og stofnana á Suðurnesjum að þeir styðji tölvuvæðingu FS með myndarlegu fjár-framlagi í tækjasjóð skólans.

Nokkrar umræður spunnust um mál þetta en skólanefnd samþykkti einróma að senda bænaskjalið út og rituðu skólanefndarmenn undir það.

2. Ingólfur dreifði og kynnti drög menntamálaráðuneytisins að reglugerð fyrir fjölbrautaskóla ásamt tillögum Jóns Böðvarssonar um fjármál sömu skóla. Með tillögum Jóns Böðvarssonar fylgdi ljósrit úr vinnuþlaggi landsfundar Sjálfstæðismanna 1983

um fjármál framhaldsskóla. Fundarmönnum fannst margt athyglisvert koma fram í plöggum þessum, ekki síst hugmyndir um aukið sjálfstæði skóla í fjármálum. Afgreiðslu málsins var frestað til næsta fundar.

3. Ingólfur dreifði og kynnt upplýsingar um réttindanám vélstjóra sem nú er rekið á vegum FS. Í máli Ingólfs koma m.a. fram að námskeið sem þetta er einvörðungu haldið í Reykjavík og við FS. Er það ætlað mönnum sem unnið hafa tiltekinn tíma við vélstjórn en hafa ekki föll réttindi. Að þessu sinni sækja 25 einstaklingar námskeiðið en ekki reyndist unnt að taka við fleirum. Búast má við að nýju námskeiði verði hleypt af stökkunum á næstu haustönn. Í máli Ingólfs kom enn fremur fram að samstarf við Vélskóla Íslands er afar náið vegna réttindanámsins.

Vegna þessa hefur FS þurft að leigja eina kennslustofu í safnaðarheimili Sjöunda dags aðventista og hefur þegar verið gengið frá leigusamningum. Bankastofnanir á Suðurnesjum veita þátttakendum á námskeiðinu lánaþyrirgreiðslur sem samsvara kauptryggingu bátasjómannna.

Í upphaflegri kostnaðaráætlun FS var ekki reiknað með námskeiði þessu og er því hér um viðbótarkostnað að ræða. Ingólfur dreifði kostnaðaráætlun og skýrði. Var hún samþykkt. (Fylgiskjal 2).

4. a) Hjálmar kynnt lauslega hugmyndir Steindórs Sigurðssonar, sérleyfishafa, um hagræðingu á skólaakstri á Suðurnesjum. Samkvæmt þeim er mælt með tveimur akstursleiðum fyrir allan skólaakstur í Vatnsleysustrandarhreppi, Grindavík, Höfnum og Njarðvík. Skilyrði þess er þó vegarlagning frá Eldvörpum að Höfnum. Skólanefnd samþykkt að vísa málinu til samgöngunefndar SSS og fól settum skólameistara og aðstoðaraskólameistara að fylgja málinu eftir.

b) Guðlaugur R. Guðmundsson lagði fram bréf með samþykkt hreppsnefndar Vatnsleysustrandarhrepps þar sem óskað er eftir því að heimakstur þeirra nemenda FS, sem búsettir eru á Vatnsleysuströnd verði bættur.

Hjálmar sagði að búið væri að ganga frá skriflegum samningum við Steindór Sigurðsson um skólaakstur FS og munnlegt samkomulag hefði náðst við þann er annast skólaakstur fyrir Stóru-Vogaskóla. Taldi hann að um gæti verið að ræða misskilning á milli þessara aðila og kvaðst mundu sjá til þess að úr yrði bætt.

5. Hjálmar gerði grein fyrir STARFSNÁMI og NÁMSFLOKKUM FS. Kom fram að um 100 þátttökutilkynningar höfðu borist vegna starfsnámsins og væri þegar búið að útskrifa nemendur úr fyrstu tveimur námskeiðunum.

Þá upplýsti hann að búið væri að útvega leiðbeinendur fyrir ellefu námskeið námsflokka og yrðu þau auglýst á næstu dögum með fyrirvara um lágmarkspátttöku.

Ennfremur upplýsti Hjálmar að Jón Olsen, formaður Vélstjórafélags Suðurnesja, hefði haft frumkvæði um að boða fulltrúa allra stéttarféлага á Suðurnesjum til fundar um frekar starfsnám á næstu vorönn.

6. Ingólfur skýrði frá bréfi sem borist hefði frá Gizuri Í. Helgasynti þar sem hann óskar eftir því að mega sinna hluta kennsluskyldu sinnar, er nemur einni stund á viku á haustönn, í því skyni að veita nemendum aðstoð og ráðgjöf um áfengis- og fíkniefnavanda á heimilum.

Nokkrar umræður spunnust um mál þetta en skólanefnd samþykkt að mæla með erindinu til menntamálaráðuneytisins en þess yrði þó gætt að auglýsingar um ráðgjöf þessa fælu ekki í sér villandi upplýsingar um áfengis- og fíkniefnavanda.

7. Formaður upplýsti að gengið hefði verið frá erindisbréf húsvarðar, Maríusar Sigurjónssonar, í samræmi við drög þau er kynnt voru á síðasta fundi.

8. Ingólfur tilkynnt að hús skólans að Iðavöllum 1 væri nú skuldlaus eign skólans þar sem greidd hefði verið síðasta afborgun af skulda- bréfi.

9. Hjálmar greindi frá því að nokkrir einstaklingar hefðu haft samband við sig og spurst fyrir hvort unnt væri að útskrifa stúdenta af flugliðabraut við FS en flugliðabraut er ekki starfrækt við aðra skóla í landinu.

Samþykkt var að vísa máli þessu til stjórnunarnefndar flugliðabrautar og óskaeftir afstöðu hennar, og jafnframt lýsingu á námsskipan og áföngum, telji nefndin möguleika á að útskrifa stúdenta af flugliðabraut enda hafi slíkt ekki í för með sér aukinn kostnað fyrir skólann.

10. Hjálmar skýrði frá því að Magnús Pálsson og Þorfinnur Sigurgeirsson hefðu starfað sem leiðbeinendur á starfsdögum skólans á síðustu önn og jafnframt unnið að veggskreytingu í mótuneyti nemenda. Hins vegar hefðu greiðslur til þeirra úr ríkissjóði dregist verulega og verið óviðunandi þegar þær bárust.

Skólanefnd samþykkt að greiða Magnúsi og Þorfinni viðbót þannig að heildargreiðslur til þeirra næmu 10.000 kr. til hvors.

11. Ingólfur upplýsti að tvær fyrstu fundargerðarbækur skólanefndar væru nú fullskrifaðar og lagði til að þær yrðu sendar Þjóðskjalasafni til varðveislu. Var tillaga hans samþykkt.

12. Lagt var fram ljósrit af bréfi Verslunarmannafélags Suðurnesja til FS þar sem tækjasjóði skólans eru færðar að gjöf kr. 20.000. og skólanum þakkað samstarf í starfsnámi. Skólanefnd fól skólameistara að senda þakkarbréf.

13. Fulltrúi kennara las bréf frá Ægi Sigurðssyni þar sem vitnað er til fundargerðar áf 88. fundi skólanefndar en þar er greint frá bréfum skólameistara til tveggja kennara. Spurt var hvort annað þessara bréfa væri til Ægis Sigurðssonar, dagsett 22. maí 1984. Ef svo væri hvort það bréf byggði á samþykkt skólanefndar. Formaður kvað svo vera.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 19.15.

Fundargerð samin af Hjálmar Árnasyni.



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík ·

Pósthólf 100 Sími 92-3100

Keflavík, 25. sept. 1984.

Ágæti forstöðumaður.

Nú eru liðin átta ár frá því FS hóf starfsemi og má því með sannni segja að stofnunin hafi að mestu slitið barnsskónum og sé því tímabært að kaupa nýjar flíkur á barnið. Innan skólanefndar og meðal starfsfólks skólans hefur verið um það rætt að hin nýja flík þurfi bæði að vera stærri og víðari en sú fyrri.

Í því sambandi beinast augu manna helst að atvinnulífinu en lengi hefur það verið vilji skólayfirvalda og starfsfólks að efla verulega tengsl skólans við atvinnulífið. Fyrsta skrefið í þeim efnum var stigið í upphafi haustannar þegar FS, í samstarfi við Verslunarmannafélag Suðurnesja, Kaupfélag Suðurnesja og Félag kaupsýslumanna á Suðurnesjum, hleypti af stokkunum svonefndu STARFSNÁMI FS þar sem starfandi fólki úr verslunar- og skrifstofustétt er boðið að sækja ellefu námskeið á vegum áðurnefndra aðila. Aðsókn hefir verið afar góð og sýnir svo ekki verður um villst að starfsemi skólans er í réttum farvegi. Þegar eru hafnar undirbúningsviðræður við fulltrúa úr öðrum greinum atvinnulífsins og stefnir allt í þá átt að á næstu önn þjóni FS flestum greinum atvinnulífs á Suðurnesjum.

Að auki er að ljúka undirbúningi NÁMSFLOKKA FS þar sem almenningi verður gefinn kostur á að sækja sér til gagns og gamans ýmis styttri námskeið sem ekki hefur verið unnt að stunda á Suðurnesjum um langt árabil.

Þrátt fyrir mikla aðsókn í starfsnámið hefur þátttaka í öldungadeild FS aukist um liðlega 100% frá síðustu önn en þar stunda nú um 250 manns nám.

Við skólann er nú rekið réttindanámskeið vélstjóra og sækja það 24 einstaklingar en alls munu um 900 nemendur stunda nám við skólann að viðbættum þátttökendum í væntanlegum námsflokkum.


Þessi auknu umsvif krefjast mikils af stofnuninni og það er fullur vilji þeirra sem að henni standa að bregðast vel og rétt við þeim kröfum. Þó er einn ljóður á. Hin gífurlega nemendaaukning kallar á verulega aukinn tækjabúnað í kennslu. Á það ekki síst við um tölvur en aðsókn í byrjunaráfanga í tölvufræðum (Töl 103) er slík að skólanum tekst ekki að sinna eftirspurn. Þar að auki er í vaxandi mæli beðið um framhaldsáfanga í tölvufræðum. Þetta kemur reyndar ekki svo mjög á óvart því tölvuöld er í garð gengin og almenningur gerir sér þá staðreynd ljósa. Hins vegar ræður skólinn einungis yfir FIMM tölvuskjám til kennslu og er þessum fimm skjám ætlað að þjóna Suðurnesjum öllum.


Keflavík, 24. sept. 1984.

Réttindanám vélstjóra við F.S. á haustönn '84

KOSTNADARÁÆTLUN

1.	Laun	298.148
2.	Húsaleiga	25.000
3.	Ljós, hiti og næsting á leiguhúsnæði	8.000
4.	Greiðsla til Vélskóla Íslands	?
5.	Greiðsla ferðakostnaðar eins kennara vegna kennslu í Reykjavík einu sinni í viku	13.860
		345.008
	-Skólagjöld: 25 x 1.800	45.000
		300.008


Gunnar Sveinsson


Ingólfur Halldórsson

Stefán Ól. Jónsson, deildarstjóri,
Menntamálaráðuneytinu, Hverfisgötu 6,
101 - Reykjavík.